

Heimastjórn Seyðisfjarðar - 25 (4.8.2022) - Skriðuföll á Seyðisfirði- færsla húsa ofl.

Málsnúmer : 202012168
Málsaðili : Múlaþing
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 04.08.2022

Inngangur : Heimastjórn Seyðisfjarðar kallar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi færslu húsa á Búðareyri og fleira varðandi frágang eftir skriðuföll í desember 2020.

Niðurstaða : Heimastjórn Seyðisfjarðar kallar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi færslu húsa á Búðareyri og fleira varðandi frágang eftir skriðuföll í desember 2020.

Heimastjórn leggur til við Umhverfis- og framkvæmdaráð að farið verði í vinnu við að klára frágang á Búðareyri eftir skriðuföll hið fyrsta.

Samkvæmt upplýsingum frá Pétri Ármannssyni hjá Minjastofnun eru friðlýsingatillögur varðandi Angró og Hafnargötu 44 farnar frá stofnuninni og biðja afgreiðslu hjá Umhverfisráðuneytinu. Heimastjórn felur fulltrúa sveitastjóra að fylgja málinu eftir innan stjórnarsýslu Múlaþings og hjá Umhverfisráðuneytinu.

Heimastjórn kallar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi Gamla ríkið. Mikilvægt er að það verkefni verði sett af stað af krafti þar sem ástand hússins þolir vart lengri bið.

Heimastjórn hefur áhyggjur af framtíð vannýtttra eigna við Stöðvarlæk sem voru yfirtekin af Múlaþingi í kjölfar skriðufalla í desember 2020. Heimastjórn vill að skoðaður verði sá möguleiki að þau hús sem eru í eigu sveitarfélagsins og þarf að færa af svæðinu samkvæmt tillögu Ráðgjafanefndar, en falla ekki undir friðlýsinguna, verði auglýst til sölu með fyrirvara um skilmála til flutnings eða takmarkaða notkun á þeim stað sem þau standa nú.

Samþykkt samhljóma með handauppréttingu.